

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 21

við Stjórnartíðindi EB

1. árgangur

14.7.1994

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/21/01	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.076 - Juli Motorenwerk)01
94/EES/21/02	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.098 - Gestetner - RICOH)02
94/EES/21/03	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.458 - Electrolux/AEG)02
94/EES/21/04	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum03
94/EES/21/05	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17 um mál nr. IV/34.331 - BFGoodrich/Messier-Bugatti03

94/EES/21/06	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar	03
94/EES/21/07	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. febrúar 1994 um sikileysk byggðalög nr. 23/1991 varðandi sérstaka iðnaðaraðstoð og 5. gr. sikileyskra byggðalaga nr. 8/1991 sem fjalla einkum um fjármögnun vegna SITAS	04
94/EES/21/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.466 - Tractebel/Synatom)	04
94/EES/21/09	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu (Mál nr. IV/M.418 - Tractebel/Distrigaz)	04
94/EES/21/10	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 21.6. til 1.7. 1994	05
94/EES/21/11	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.410 - Kirch/Richemont/Telepiù)	06
94/EES/21/12	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.472 - Vesuvius/Wülfrath)	07
94/EES/21/13	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.447 - Schneider/AEG)	08
94/EES/21/14	Tilkynning um samning varðandi eignarhlut í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. 35.115 - France Fondants)	09
94/EES/21/15	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.402 - PowerGen/NRG Energy/Morrison Knudsen/Mibrag)	09

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni

94/EES/21/01

(Mál nr. IV/35.076 - Juli Motorenwerk)

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. maí 1994 tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í formi skráðs félags samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾.

Heiti fyrirtækisins um hið sameiginlega verkefni er Juli Motorenwerk k.s. og verður það skráð í Brno í Tékklandi. Fyrirtækið er stofnað af Linde AG og dótturfyrirtæki þess Stille GmbH, svo og tveimur fyrirtækjum innan Jungheinrich-samstæðunnar, Jungheinrich AG og Jungheinrich Beteiligungs GmbH, sem öll eru skráð í Þýskalandi.

Jungheinrich og Linde eru stærstir þýskra framleiðenda sem framleiða mótordrífinn lyfti- eða stýribúnað eða sem hluta af rafknúnum dísiltækjum. Fyrirtækinu um sameiginlega verkefnið er ætlað að framleiða rafhreyflana og koma þeim til stofnfyrirtækjanna.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að sameignarfélagið sem tilkynnt hefur verið um svo og samningur þar að lútandi geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 187, 9.7.1994. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 98 08) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.076 - Juli Motorenwerk, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13 frá 21.2.1962, bls. 204/62.

Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni**94/EES/21/02****(Mál nr. IV/35.098 - Gestetner - RICOH)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júní 1994 tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ sem Gestetner Manufacturing Limited (Gestetner) annars vegar og RICOH UK Holdings Limited (RICOH) og Tohoku Ricoh Company, Limited (RICOH) hins vegar, hafa í hyggja að mynda. Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið, sem verður stofnsett í Breska konungsríkinu, mun framleiða og annast dreifingu ál- og pappírsprentplatna fyrir offset í stafrænar fjölrítunarvélar um allan heim (að Japan undanskildu). Ál- og pappírsprentplata fyrir offset er úr lagskiptu efni sem einkum er framleitt til notkunar í stafrænum fjölrítunarárveglum til að prenta pappír í stærðum A4 til A3. Stafrænar fjölrítunarvélar framleiða afrit af frumriti með því að nota jákvæðan myndstencil sem sniðinn er úr ál- og pappírsprentplötu fyrir offset.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi aðgerðina á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 187, 9.7.1994. Unnt er að senda athugasemdirnar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 42 73) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.098, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 2/86
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu 94/EES/21/03**(Mál nr. IV/M.458 - Electrolux/AEG)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 21.6.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmst hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽²⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13 frá 21.2.1962, bls. 204/62.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

ÍSLENSK ÚTGÁFA

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr.
EB-sáttmálans
Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum**

94/EES/21/04

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til til að kynna samninga, sem landbúnaðarráðuneytið hefur samþykkt, milli nautakjötsframleiðenda, svínakjötsframleiðenda og spergilframleiðenda og þeirra sem annast vinnslu þessara vara, ríkisaðstoð nr. N 768/93 Spánn (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 185, 7.7.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til vegna þátttöku í sýningum á landbúnaðarafurðum, ríkisaðstoð nr. N 100/94 Spánn (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 185, 7.7.1994).

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar
ráðsins nr. 17⁽¹⁾ um mál nr. IV/34.331- BFGoodrich/Messier-Bugatti**

94/EES/21/05

Í máli nr. IV/34.331 - BFGoodrich/Messier-Bugatti, hefur framkvæmdastjórnin í hyggju að taka jákvæða afstöðu samkvæmt samkeppnisreglunum í bæði EB-sáttmálanum og EES-samningnum. Hún hefur birt útdrátt úr tilkynningunni þar að lútandi í Stjtfð. nr. C 187, 9.7.1994 samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62.

Félagið BFGoodrich og Messier-Bugatti S.A. hafa sett á fót fyrirtæki um sameiginlegt verkefni til að hanna, þróa, markaðssetja og útvega viðhaldsvörur í hjól og hemla fyrir Airbus A-330/340 og A-321 loftför.

Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá því að tilkynningin birtist í Stjtfð. EB, til eftirfarandi heimilisfangs, og tilgreina tilvísun IV/34.331 - BFGoodrich/Messier-Bugatti:

Commission of the European Communities,
Directorate-General for Competition
Directorate for Restrictive Practices, Abuse of Dominant Positions and
other Distortions of Competition III
Rue de la Loi 200,
B-1049 Brussels

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar

94/EES/21/06

Framkvæmdastjórnin hefur sent aðildarríkjum orðsendingu varðandi ríkisaðstoð vegna fjárfestinga í vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða (sjá nánari útlitun í Stjtfð. EB nr. C 189, 12.7.1994).

(¹) Stjtfð. EB. nr. 13, frá 21.2.1962, bls. 204/62.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. febrúar 1994 um 94/EES/21/07
sikileysk byggðalög nr. 23/1991 varðandi sérstaka iðnaðaraðstoð og 5.
gr. sikileyskra byggðalaga nr. 8/1991 sem fjalla einkum um
fjármögnun vegna SITAS**

1. Framkvæmdastjórnin hefur tekið neikvæða afstöðu gegn aðstoðinni sem Ítalía veitti samkvæmt 4., 5., 7., 8. og 15. gr. sikileyskra byggðalaga nr. 23/1991 varðandi sérstaka iðnaðaraðstoð og samkvæmt 5. gr. sikileyskra byggðalaga nr. 8/1991 sem fjalla einkum um fjármögnun vegna SITAS. Þess er krafist að Ítalía stöðvi framkvæmd aðstoðaraðgerðanna og tryggi að þær fjárhæðir sem þegar hafa verið greiddar vegna þeirra verði endurheimtar.
2. Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem kveðið er á um í 14. gr. byggðalaganna nr. 23/1991 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. L 170, 5.7.1994).

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu

94/EES/21/08

(Mál nr. IV/M.466 - Tractebel/Synatom)

Framkvæmdastjórnin ákvað 30.6.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaða samfylkingu

94/EES/21/09

(Mál nr. IV/M.418 - Tractebel/Distrigaz)

Framkvæmdastjórninni barst 30.5.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Tractebel S.A. öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir Distrigaz S.A. með því að kaupa hlutabréf, sem áður voru í eigu belgíska ríkisins, í fyrirtækinu í gegnum Société Nationale d'Investissement (SNI).

Hinn 30.6.1994 afturkölluðu málsaðilar þessa tilkynningu.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 21.6. til 1.7. 1994

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu útfjöldi
COM(94) 252	CB-CO-94-267-EN-C ⁽¹⁾	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins til breytingar á tilskipun 91/628/EBE um vernd dýra meðan á flutningi stendur	27.6.1994	27.6.1994	6
COM(94) 266	CB-CO-94-284-EN-C	Skýrsla frá framkvæmdastjórninni um ráðstafanir sem gilda um túnfisk fyrir niðursuðuiðnaðinn	28.6.1994	28.6.1994	49
COM(94) 179	CB-CO-94-282-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins til breytingar á tilskipun ráðsins 92/12/EBE frá 25. febrúar 1992 um almennar ráðstafanir vegna vara sem vörugjald er lagt á og um eignarhald, flutning og eftirlit með slíkum vörum, tilskipun ráðsins 92/81/EBE frá 19. október 1992 um að samhæfa tilhögun vörugjalds á jarðolíu og tilskipun ráðsins 92/82/EBE frá 19. október 1992 um samræmingu vörugjalds á jarðolíu	28.6.1994	30.6.1994	26
COM(94) 278	CB-CO-94-294-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins til breytingar á tillögu framkvæmdastjórnarinnar um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þrýstibúnað	30.6.1994	30.6.1994	12
COM(94) 267	CB-CO-94-285-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um vörur úr verðmætum málmum	30.6.1994	1.7.1994	11

(¹) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram

94/EES/21/11

(Mál nr. IV/M.410 - Kirch/Richemont/Telepiù)

1. Framkvæmdastjórninni barst 1.7.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Ichor, S.A., sem tilheyrir svissnesku samstæðunni Compagnie Financière Richemont A.G., og Ptb Pay TV Beteiligungs GmbH, sem tilheyrir þýsku samstæðunni Kirch, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Telepiù S.r.l. (Ítalía) með hlutabréfakaupum og samningi.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Richemont: eignarhaldfélag sem annast viðskipti með tóbaks- og munaðarvöru, svo og sjónvarpsrekstur.
 - Kirch: Útsendingar og framleiðsla á kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.
 - Telepiù: Sjónvarpsútsendingar, fyrst og fremst á sviði áskriftarsjónvarps í Ítalíu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 189, 12.7.1994. Unnt er að senda athugasemdirnar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.410 - Kirch /Richemont / Telepiù, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
 Directorate-General for Competition (DG IV)
 Merger Task Force
 Avenue de Cortenberg 150
 B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram**94/EES/21/12****(Mál nr. IV/M.472 - Vesuvius/Wülfrath)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1.7.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Vesuvius Group Ltd (Vesuvius) sem tilheyrir Cookson Group Plc, London, UK og Dolomitwerke GmbH, Wülfrath, D (Wülfrath) sem tilheyrir Thyssen AG, Duisburg, D öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir Central European Advanced Refractory (Central European) Technology B.V., Landgraaf, NL, Tradeco GmbH, Vesuvius Czechoslovakia Stock Corporation Trinec, Trinec, Tékklandi (VCT) og Ceramika Wülfrath Skawina, Ltd, Skawina, Póllandi (CWS) með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem myndar fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

Aðrir hluthafar í fyrirtækjunum VCT og CWS eru þessir helstir: Trinecke Zelezarny A.S., Huta Katowice S.A. og Skawina Refractory Works Ltd.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:

- Vesuvius: þróun, framleiðsla og markaðssetning á eldföstum vörum, einkum framleiðsla á vörum sem hafa flotjafnvægislega eiginleika.
- Wülfrath: þróun, framleiðsla og markaðssetning á eldföstum vörum, dólómítakalksteini, kalkvörum og leir.
- Central European: eignarhlutdeild, einkum í VCT og CWS og fjármögnun þessara félaga.
- Tradeco: markaðssetning á VCT-vörum í öðrum löndum en Tékklandi og Slóvakíu, á CWS-vörum í öðrum löndum en Póllandi, á takmörkuðu svæði, markaðssetning á tilteknum vörum sem ekki eru VCT- eða CWS-vörur á sömu sölusvæðum.
- VCT: framleiðsla á vörum sem hafa flotjafnvægislega eiginleika (eldföstum vörum)
- CWS: framleiðsla á vörum sem hafa flotjafnvægislega eiginleika og Vapex-vörum (eldföstum vörum).

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 189, 12.7.1994. Unnt er að senda athugasemdirnar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.472 Vesuvius/Wülfrath, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
 Directorate-General for Competition (DG IV)
 Merger Task Force
 Avenue de Cortenberg 150
 B-1049 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram

94/EES/21/13

(Mál nr. IV/M.447 - Schneider/AEG)

1. Framkvæmdastjórninni barst 30.6.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin AEG A.G. (undir yfirráðum Daimler-Benz AG) og Schneider Electric S.A. (undir yfirráðum Schneider S.A.) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki. AEG og Schneider Electric munu sameina starfsemi sína í hönnun, framleiðslu og sölu á forritanlegum rökstýribúnaði (PLC) í fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - AEG A.G. ýmis konar starfsemi þar með talið járnbrautaflutningakerfi, dvergrásatækni, sjálfvirkni og orkukerfatækni.
 - Schneider Electric S.A. einkum á sviði rafeinda- og raftækniúnaðar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttö. EB nr. C 189, 12.7.1994. Unnt er að senda athugasemdirnar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.447 - Schneider/AEG, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjttö. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttö. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

ÍSLENSK ÚTGÁFA

**Tilkynning um samning varðandi eignarhlut í fyrirtæki um 94/EES/21/14
sameiginlegt verkefni**

(Mál nr. 35.115 - France Fondants)

1. Framkvæmdastjórninni barst 24.6.1994 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ varðandi samning sem gerður var sama dag milli Sucreries et Distilleries de l' Aisne (hér á eftir nefnd „SDA“), Boehringer Ingelheim Alimentaire (hér á eftir nefnt „BIAL“) og Patisfrance. Samkvæmt samningnum verður Patisfrance meðeigandi í France Fondants sem er franskt félag stofnað 31. ágúst 1991 og með hlutafé sem fyrir gerð tilkynnta samningsins var sameiginlega í höndum SDA og BIAL.
2. Starfsemi France Fondant felst í að framleiða „Fondant“ og afleiddar sykrur þess. Þessar vörur eru síðan markaðssettar sérstaklega af BIAL og Patisfrance.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntur samningur geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi samninginn sem tilkynnt hefur verið um á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 190, 13.7.1994. Unnt er að senda athugasemdirnar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 42 73) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.35.115 - France Fondants, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 2/82
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu

94/EES/21/15

**(Mál nr. IV/M.402 - PowerGen/NRG Energy/Morrison Knudsen/
Mibrag)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 27.6.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽²⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Bréfasímanúmer: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13, 21.2.1962, bls. 204.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.